

Minnisblað

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Efni: Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2020

Reykjavíkurborg mælir reglulega viðhorf starfsmanna til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttanna. Niðurstöðurnar hafa verið nýttar til að bæta árangur í mannauðsmálum og til að gera Reykjavíkurborg að enn betri vinnustað. Helstu niðurstöður úr könnuninni sem lögð var fyrir í janúar og febrúar eru þær að meðalskor allra þátta stendur í stað og mjög lítil breyting er á lykilárangursþáttum.

Könnunin var lögð fyrir starfsfólk borgarinnar dagana 28. janúar til 26. febrúar 2020. Könnunin náði til 9.236 starfsmanna og alls barst 5.289 svar og var svarhlutfallið því 57% sem er hærra en á síðasta ári. Í töflu 1 má sjá svarhlutfallið eftir sviðum.

Tafla 1. Svarhlutfall 2020

	Fjöldi svara 2020	Svarhlutfall 2020	2019	2018	2017	2015	2013
Reykjavíkurborg	5288	57%	55%	61%	64%	66%	68%
Íþróttta- og tómstundasvið	191	83%	70%	80%	76%	82%	79%
Menningar- og ferðamálasvið	142	80%	82%	82%	84%	65%	75%
Miðlæg stjórnsýsla	58	84%	75%	82%	79%	81%	73%
Skóla- og frístundasvið	3055	53%	52%	61%	66%	63%	71%
Umhverfis- og skipulagssvið	294	72%	73%	73%	73%	79%	69%
Velferðarsvið	1330	55%	51%	54%	55%	68%	58%
Fjármála- og áhættustýringarsvið	75	84%	-	-	-	-	-
Mannauðs- og starfsumhverfissvið	19	100%	-	-	-	-	-
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	105	95%	-	-	-	-	-

Fyrir hvern þátt er reiknuð þáttaeinkunn á bilinu 1 til 5 og er hærri einkunn alltaf jákvæðari niðurstaða. Heildareinkunn, sem er meðaltal allra þátta, er 4,17 sem er sú sama og á síðasta ári. Þættirnir 18 mynda fjóra lykilárangursþætti og má sjá niðurstöður þeirra eftir sviðum í töflu 2.

Tafla 2. Lykilárangursþættir eftir sviðum

	ÍTR	MOF	RHUS	SFS	USK	VEL	FÁST	MOS	ÞON	RVK heild
Starfsánægja	4,48	4,40	4,16	4,37	4,21	4,29	4,12	4,58	4,08	4,33
Árangursríkir stjórnunarhættir	4,21	4,12	4,18	4,23	4,05	4,10	4,04	4,47	3,80	4,18
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	4,22	4,13	4,09	4,17	4,03	4,11	4,03	4,11	3,87	4,14
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	4,18	4,17	4,10	4,22	4,12	4,18	4,20	4,45	4,00	4,19
Heild	4,23	4,15	4,12	4,20	4,06	4,13	4,07	4,27	3,89	4,17

Lykilárangursþættirnir innihalda eftirtalda þætti:

Hæfir og áhugasamir starfsmenn: Metnaður, starfsmannastöðugleiki og tilgangur.


Árangursríkir stjórnunarhættir: Frumkvæði, fræðsla og þjálfun, stjórnun og viðurkenning.

Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi: hæfilegt vinnuálag, ímynd, jafnrétti og jafnræði, markmið og árangur, móttaka nýliða, starfsandi, starfsöryggi, sveigjanleiki í starfi, upplýsingaflæði og vinnuaðstaða.

Starfsánægja er undirþáttur sem samanstendur af tveimur spurningum.

Á mynd 1 sjást meðaltöl þáttanna 18 í röð frá þeim hæsta til þess lægsta fyrir Reykjavíkurborg í heild. Tveir hæstu þættirnir eru metnaður (4,47) og tilgangur (4,42) en þeir voru einnig hæstir árið 2019. Tveir lægstu þættirnir eru hæfilegt vinnuálag (3,57) og starfsmannastöðugleiki (3,69) sem einnig voru lægstir 2019. Hækkun varð á fimm þáttum, þrír stóðu í stað og tíu lækkuðu. Breytingarnar á milli ára eru samt mjög litlar en mesta hækkunin var á þáttunum starfsmannastöðugleiki, viðurkenning og metnaður en allir hækkðu þeir um 0,02 stig. Mesta lækkingin varð á þættinum starfsöryggi en hann lækkaði um 0,06 stig.

Græni liturinn táknar gildi sem eru 4 eða hærri sá guli gildi sem eru á milli 3-4.



Mynd 1. Meðaltöl þátta 2020. Punktarnir á myndinni tákna gildi síðasta árs (2019).


Tafla 3. Meðaltöl þátta eftir sviðum 2020

Þættir	Reykjavík heild	ÍTR	MOF	RHUS	SFS	USK	VEL	FÁST	MOS	ÞON
Allir þættir	4,17	4,23	4,15	4,12	4,20	4,06	4,13	4,07	4,30	3,89
Frumkvæði	4,23	4,20	4,07	4,16	4,33	4,10	4,13	3,99	4,63	3,81
Fræðsla og þjálfun	4,24	4,29	4,22	4,54	4,31	3,95	4,16	4,14	4,58	3,78
Hæfilegt vinnuálag	3,57	3,80	3,54	3,40	3,55	3,44	3,64	3,45	3,47	3,36
Ímynd	4,30	4,44	4,54	3,93	4,40	3,94	4,18	3,88	4,00	3,93
Jafnrétti og jafnræði	4,33	4,39	4,23	4,42	4,38	4,25	4,28	4,05	4,36	4,01
Markmið og árangur	4,33	4,32	4,31	4,30	4,38	4,21	4,27	4,22	4,82	3,94
Metnaður	4,47	4,47	4,40	4,56	4,46	4,34	4,51	4,56	4,75	4,42
Móttaka nýliða	4,14	4,29	4,10	4,27	4,14	4,16	4,16	3,98	4,22	3,88
Starfsandi	4,31	4,21	4,27	4,38	4,33	4,30	4,31	4,13	4,32	4,19
Starfsánægja	4,33	4,48	4,40	4,16	4,37	4,21	4,29	4,12	4,61	4,08
Starfsmannastöðugleiki	3,69	3,72	3,79	3,50	3,70	3,74	3,65	3,84	3,92	3,58
Starfsöryggi	4,20	4,25	4,07	3,85	4,26	3,98	4,19	4,24	3,55	3,51
Stjórnun	4,18	4,24	4,07	4,03	4,23	4,15	4,11	4,08	4,40	3,88
Sveigjanleiki í starfi	4,18	4,26	4,24	4,03	4,21	3,97	4,16	4,28	4,37	4,24
Tilgangur	4,42	4,34	4,29	4,23	4,49	4,28	4,36	4,22	4,72	4,00
Upplýsingaflæði	4,03	4,06	3,94	4,01	4,07	4,00	3,99	3,87	3,95	3,59
Viðurkenning	4,05	4,12	4,10	4,05	4,07	4,01	4,01	3,97	4,29	3,75
Vinnuaðstaða	3,98	4,22	4,08	4,34	3,94	4,10	3,94	4,25	4,45	4,03

Spurt var hvort fólk hafi orðið fyrir áreitni og einelti frá samstarfsfólki og þjónustugegum en mynd 2 sýnir niðurstöður þessara spurninga. Áreitni frá samstarfsfólki mældist 4,7% í ár en 4,6% árið 2019 og áreitni frá þjónustugegum mældist 13,0% árið 2019 en 13,6% í ár. Einelti frá samstarfsfólki mældist 2,8% árið 2019 en 3,4% í ár. Einelti frá þjónustugegum mældist 1,9% í síðustu könnun en er 1,8% í ár. Einnig var spurt um það hvort fólk hafi orðið vitni að fordómum en 25,5% sögðust hafa orðið vitni að fordómum í ár en 29,8% í síðustu könnun.



Áreitni/Einelti/Vitni að fordómum á síðustu 12 mánuðum



Mynd 2. Áreitni, einelti og vitni að fordómum.